

Halldóra Jónsdóttir

Stiklur úr 150 ára sögu Bókasafns Akraness



Upphafið

Lestrarfélagið á Akranesi var stofnað í Görðum 6. nóvember 1864 en það sama ár fékk Akranes verslunarréttindi. Á stofnfundinum voru kosnir fyrstu embættismenn félagsins. Séra Stephán Stepansson var gjaldkeri, Hallgrímur Jónsson hreppstjóri í Guðrúnarkoti og Guðmundur Ólafsson voru bókaverðir.


Í fyrstu málsgrein úr *Skrá og lög félagsins 1864* segir:

„Allir innbúar Garðasóknar eldri en 16


ára eiga kost á að ganga í félag þetta, en engum öðrum er að svo komnu veittur aðgangur, vbr. 8. gr. Þar segir: Þó utan-sóknarmönnum ekki sé leyft í félagið sbr. 1. gr. skal þó sjómönnum sem róa í sókninni leyft að lesa bækur félagsins, meðan þeir dvelja í verinu og hafa þeir þann tíma öll sömu réttindi og skyldur sem aðrir félagsmenn. En ekki skulu sjómenn greiða nema tvö mörk í árlegt tillag.“

Fyrsta starfsárið eru skráðir félagsmenn 37 talsins, allt karlmenn og bókaeign





Hallgrímur Jónsson hreppstjóri í Guðrúnarkoti.



Ásmundur Þórðarson, Háteigi.

félagsins 114 eintök. Ári síðar er Hallgrímur hreppstjóri orðinn gjaldkeri og Jón



Ingunn Sveinsdóttir var gjaldkeri lestrarfélagsins 14 ára gömul.

Benediktsson prestur í Görðum skráður bókavörður. Í bókhaldi félagsins fyrir 1864-65 kemur fram að 34 félagsmenn greiða til félagsins auk þriggja sjómanna. Næstu ár fækkar aðeins í félaginu, skráðir félagar eru 13 árið 1869 en sex árum síðar er talan komin í 26. Á lestarfélagsfund 7. nóv. 1875 segir Hallgrímur af sér sem gjaldkeri og í hans stað er Einar Jónsson í Elínarhöfða kosinn til þess starfa. Sömuðis var Sigurður Linge kosinn til að hafa eftirlit með bókunum og semja nýja bókaskrá. Sjö árum síðar er Oddur Þorsteinsson í Görðum orðinn bókavörður og fimmtán árum eftir stofnun félagsins á það yfir 200 bækur. Á þessum árum starfa fyrir félagið auk ofanskráðra Einar Jónsson frá Höfða og Ásmundur Þórðarson á Háteig.

Nafninu breytt

Árið 1901 er ársfundur félagsins haldinn þann 27. október í barnaskólanum. Á



Bæjar- og héraðsbókasafnið var opnað árið 1972 á Heiðarbraut 40. Í kjallara Bókhöðunnar (húsið gekk undir því nafni) voru sýningar af ýmsum toga sem stjórn safnsins og forstöðumaður stóðu fyrir. Fyrsta sýningin var „Prentverk í Borgarfirði“. Sýningin var opnuð í lok ársins 1972. Þessu hlutverki kjallarans lauk í apríl 1992 og taldi þá listaverkaskrá safnsins 68 verk.

fundinum var ákveðið að breyta nafni félagsins og skyldi það héðan í frá nefnast *Bókasafn Ytra-Akraneshrepps* en hreppsnefndarmenn höfðu lofað 50 aukum fyrir hvern félag. Talað var um flutning safnsins í kirkjuna og búið að fá þar rúm fyrir það í turnherberginu, að minnsta kosti næsta vetur. Sveinn Guðmundsson verslunarstjóri talaði um að nauðsyn þess að rýmka til í skólanum svo að bókasafnið gæti fengið þar fastan samastað því með veru safnsins í kirkjunni væri aðeins tjaldað til einnar nætur. 24 menn skrifuðu sig sem meðlimi safnsins að viðhöfðu nafnakalli. Bókaverðir voru endurkosnir Gísli Hinriks-son og Halldór Jónsson en gjaldkeri kosin ungfrú Ingunn Sveinsdóttir.

Næstu ár jókst bókakosturinn jafnt og þétt og fastur útlánatími var tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum kl. 3 síðdegis. 1904 er eign safnsins í bókum 646 númer og hafði fjölgað um 58 frá árinu áður. Í fundargerð kemur fram að gjaldkeri fór þess á leit við bókaverðina að þeir

héldu áfram starfa sínum framvegis og lofuðu þeir því ef þeim væri ekki gerður erfiðari starfinn en verið hafði. Meðlimir safnsins voru áminntir um að fara vel með bækurnar. Árið 1907 er eigur safnsins taldar í bókum 665 bindi í mismunandi standi. Útlánsdagar við lestrarfélagið 1906-7 voru 51 og útlánin 1598. Félagsmenn eru skráðir 50.

Eyður í sögunni

Frá árinu 1912 koma eyður í sögu safnsins, fundargerðabækur vatnar. En eitt og annað má lesa úr öðrum gögnum. Árið 1915 ganga fyrstu konurnar í lestrarfélagið, þær Svandís Árnadóttir Suðurvöllum og Hlín Jónsdóttir Innra Hólmi. Þetta er sama ár og konur öðlast kosningarétti til Alþingis og ekki ólíklegt að sá áfangi hafi verið þeim hvatning. Ekkert í reglum félagsins bannaði konum inngöngu, ef fjárráð voru fyrir hendi.

Árið 1912 var borin upp tillaga í Ungmennafélaginu að það myndi taka yfir að



Á myndinni sem tekin var árið 1972, sést Ásta Ásgeirsdóttir bókavörður afgreiða fyrsta viðskiptavin sinn í nýja húsnæðinu. Ásta hóf störf við bókasafnið 1. okt. árið 1958 og á lengstan starfsferil allra þar. Ásta lét af störfum árið 2005, eftir 47 ára starf.

sjá um safnið. Fátt er vitað um næstu þrjá áratugina því fundargerðir vantar og þó finna megi glefsur félagatali og reikningum hreppsins er takmarkað vitað um sögu safnsins allt fram til 1946 þegar Gamli barnaskólinn brennur. Þá hafði safnkosturinn verið þar á loftinu frá árinu 1943 þegar Sveinbjörn Oddson var beðinn um að taka að sér safnið fyrir hönd stúkunnar Akurblóm nr. 4. Sveinbjörn hafi allt frá árinu 1934 átt einhverja aðkomu að bókasafninu. Hann var framsýnn bókavörður og kynnti sér meðal annars Dewey kerfið hjá Sigurgeir Friðrikssyni bókaverði við Alþýðubókasafnið í Reykjavík. Hann tók upp sjálfsafgreiðslu bóka þarna á loftinu á Gamla barnaskólanum, sem flestum leist mjög illa á, en gekk mjög vel.

Frá árinu 1939 er til greinargerð frá Jóhannesi Gunnarsyni (1913-2005) þar sem segir í stuttu máli:

Um miðjan fjórða áratug varð það að samkomulagi að stúkan Akurblóm nr. 4 tók að sér að koma safninu í útlánahæft ástand. Sveinbjörn Oddson hafði unnið mikið og gott starf við að gera spjaldskrá, en skráin miðaðist eingöngu við höfunda. Um miðjan 4. áratug gafst S.O. upp. Lántakendur báðu um bókahræði en ekki höfund, en skráin hans S.O. var höfundaskrá. Var þá hafist handa við að gera bókaskrá fyrir lántakendur. Var hún unnin upp á stensil og svo fjölríttuð.

Jóhannes sá að mestu um safnið þó aðrir stúkufélagar séu nefndir, allt til haustsins 1939 er hann fór í iðnnám.



Formaður bókasafnstjórnar og starfsmenn á Heiðarbraut 40 þegar safnið var opnað 1972. Frá v.: Bragi Þórðarson, Bára Danielsdóttir, Stefánía Eiríksdóttir og Ásta Ásgeirsdóttir.

Safnið brennur

4. desember 1946 brann Bókasafnið, sem þá var til húsa í gamla Barnaskólanum. Allt brann til kaldra kola, nema lítill hluti sem var í útlánum og var það sem ekki skemmdist geymt næstu misseri hjá Sveinbirni Oddsyni að Sunnubraut 20. Í apríl 1948 voru leifarnar fluttar í eitt herbergi í húsi Þórðar Ásmundssonar á Vesturgötu 48. Sumarið 1950 fékk safnið svo inni í bæjarhúsinu svokallaða að Kirkjubraut 8. Fékk það til umræða tvær stofur í austur-enda hússins. Stærri stofuna fyrir bókasafn en þá minni fyrir lesstofu og vinnuherbergi fyrir bókavörð. Gengið var inn í bókasafnið frá Skrúðgarðinum.

Í brunanum í Gamla barnaskólanum brann m.a. sá hluti sýslubókasafnsins, sem féll í hlut Akurnesinga þegar Akranes hlaut kaupstaðarréttindi árið 1942. Bókæign

fyrir brunann var um 3000 bindi. Þetta var stórtjón því safnið var orðið töluvert að vöxtum. Tjónið fékkst bætt úr tryggingum (95,408 kr.). Uppistaðan í safnkosti næstu ára var einkabókasafn sem keypt var af Guðmundi G. Hagalín rithöfundu árið 1949. Verðið á safni Guðmundar var 22.500 krónur Nokkrir aðrir möguleikar um bókarkaup voru skoðaðir eftir brunann en fallið frá þeim.

Húsnæðismál

Vinsældir safnsins jukust jafnt og þétt og á næstu árum eru húsnæðismál safnsins til umræðu meðal bæjaryfirvalda af og til. Á fundi bæjarstjórnar 11. október 1955 voru þau mál rædd og var bæjarstjóra falið að undirbúa teikningar af viðbyggingu við Bæjarhúsið, svo hægt yrði að gera kostnaðarátætlun. Þetta sama ár varð frumvarp um



Sögustund í Bókasafni Akraness. Hafdis Danielsdóttir segir krökkunum sögur. Myndin tekin í október 1988.

almenningsbókasöfn að lögum. Landinu var skipt í 30 bókasafnumdæmi og í hverju þeirra var eitt bæjar- og /eða héraðsbókasafn. Með lögnum var almenn bókasafns-

skylda lögfest og lágmarks fjárframlag til safnanna ákveðið frá sveitarfélögum og ríki. Með þessum lögum árið 1955 breytist heiti Bókasafns Akraness í Bæjar- og héraðsbókasafnið og héraðið var Akranes og hreppar sunnan Skarðsheiðar. Árin eftir setningu laganna voru húsnæðismál safnsins áfram ofarlega á baugi.



Sveinbjörn Oddsson hafði umsjón með safninu á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar.

Bókhlaðan rís

Sumarið 1960 var samþykkt í bæjarstjórn að láta undirbúa byggingu fyrir Héraðs- og bæjarbókasafnið á Akranesi á lóð nr. 40 við Heiðarbraut. Þetta sama ár lét Sveinbjörn Oddsson af störfum og Þóra Þórleifsdóttir tók við sem bæjarbókavörður. Á fundi stjórnar safnsins 28. júlí flutti Sveinbjörn pistil um sögu safnsins. Á pistlinum má merkja að honum fannst störf sín ekki alltaf metin að verðleikum. Þetta haust var samþykkt að ráða Ástu Ásgeirsdóttur sem aðstoðarstúlku um veturinn.

Það liðu 12 ár frá því samþykkt var að reisa bókasafninu hús uns starfsemin var



Kraftmikil bókasafnsstjórn sem barðist fyrir bókasafnið. Frá vinstri: Kristján Leó Pálsson (1925-), Gunnlaugur Garðar Bragason (1929-2009), Stefanía Eiríksdóttir (1918-1987) forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafnsins og Bragi Þórðarson (1933-). Þessir menn skipuðu bókasafnsstjórn á þessum tíma. Á myndina vantar Ólaf J. Þórðarson (1930-2004).

flutt undir nýtt þak. Teikningar Sigurjóns Sveinssonar arkitekts að nýju húsi safnsins voru lagðar fyrir stjórn þess vorið 1963. Bókasafnsstjórn samþykkti teikninguna og var bókaverði falið að afhenda bæjarstjóra teikninguna og skýra hana fyrir honum. Viðbrögð bæjarstjórnar voru þau að leggja til að keypt yrði íbúðarhús fyrir safnið! Því var harðlega mótmælt af stjórn safnsins sem Bragi Þórðarson prentsmiðjustjóri og útgefandi stýrði á þessum árum. Bent var m. a. á að líkur væru á aukafjárframlagi til bókasafnsbyggingar frá ríkinu í tilefni afmælis kaupstaðarins.

Þegar hyllti undir að framkvæmdum við húsið færi að ljúka kom til umræðu í bæjarstjórn að kannað yrði hvort mögulegt væri að breyta bókasafnsbyggingunni í elliheimili og kaupa þess í stað húsnaði fyrir bókasafnið. Þessu var einnig harðlega



Sigríður Árnadóttir var forstöðumaður safnsins 1980-1997. Sigríður lést árið 2012.



Rústir Barnaskólans.

mótmælt og bæjarstjórn vinsamlega bent á að húsið væri alls ekki teiknað til að vera elliheimili og hæfði því ekki því hlutverki. Áður en framkvæmdum lauk var óskað eftir að framhaldsdeild Gagnfræðaskólans fengi aðstöðu í hinu nýja húsnæði bókasafnsins fyrir tvær skólastofur og var það samþykkt, tímabundið til eins eða tveggja ára. Skólastofur fyrir menntadeild gagnafræðaskólans voru aflagðar í Bókhöldunni þegar Fjölbautaskólinn á Akranesi tók til starfa haustið 1977.

Húsið vígt

Þann 1. október 1970 var Stefanía Eiríksdóttir ráðin í stöðu bókavardar. Hún hafði lokið námi í bókasafnsfræði við Háskóla Íslands til tveggja stiga og einnig hafði hún lagt stund á nám í ensku. Það kom í hennar hlut og bókasafnsstjórnar að flytja bókasafnið úr kytrunum á lögreglustöðinni

í nýja og glæsilega sérhannaða Bókhöð. 26. febrúar 1972 opnaði Bæjar- og héraðsbókasafnið starfsemi sína í nýjum húsnæðum að Heiðarbraut 40. Bókasafnið hafði þó ekki allt húsnæðið til afnota og í rauninni ekki alla fyrstu hæðina fyrr en fjórum árum síðar þegar barnadeild var opnuð við safnið. Safnið hafði því eingöngu neðri hæðina til afnota fyrstu árin og geymslur í kjallara. Í kjallara voru einnig skjalageymsla bæjarskrifstofu. Á efri hæðinni var bæjarþingsalur og bæjarráðsherbergi og þar höfðu enn fremur ýmsir aðilar skrifstofu í gegnum árin, má þar t.d. nefna Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar, Fjöliðjuna, Rarik, heilbrigðisfulltrúa og íþróttafulltrúa. Bókasafnið fékk síðan allt húsið til umráða ásamt Héraðsskjalasafni árið 1995. Bæjarþingsalur flutti í apríl það ár í nýtt húsnæði bæjarskrifstofu á Stíllholti 16-18.



Helgi Steindal aðstoðar unga lestrarhesta við leit í Gegni.

Listaverk í Bókasafninu

Bókasafnið stóð fyrir málverkasýningum um langt árabil. Fyrsta sýningin var sýning Hjalms Þorsteinssonar í september 1973. Var þá sýnt á annarri hæð safnsins. Fljótlega var farið að halda sýningar í kjallaranum. Meðan ekki var þörf á þessu rými fyrir geymslur, bauð bókasafnið listamönnum sýningaraðstöðu. Viðkomandi listamaður sá um uppsetningu, auglýsingar og gæslu. Fyrir afnot af húsnæðinu létu listamennirnir bókasafninu í té myndverk (listaverk) til eignar. Síðasta sýning sem haldin var í kjallara bókasafnsins var sýning Sveins Guðbjarnasonar í apríl 1992. Sýningarsalnum var lokað þegar Héraðsskjalasafnið hóf starfsemi sína á árinu 1992 en formleg stofnun þess var 27. apríl árið eftir. Nokkrar sýningar voru í anddyri

bókasafnsins, allt þar til það flutti á Dalbraut 1. Á listaverkaskrá bókasafnsins eru um 80 verk.

Starfið síðustu áratugi

Árið 1980 sagði Stefánía Eiríksdóttir upp starfi sínu og til starfsins voru ráðnar bókasafnsfræðingarnir Sigríður Árnadóttir sem hafði forstöðu og Halldóra Jónsdóttir, í hálft starf hvor. Þá voru bókaverðir Ásta Ásgeirsdóttir og Hafdís Daníelsdóttir. Aðrir starfsmenn voru Ingibjörg Þóroddsdóttir og Sigurlaug Jónsdóttir og Sumarlína Jónsdóttir. Árið 1976 var opnuð sérstök barnadeild við safnið og hafa börn ávallt verið dugleg að sækja safnið. Þann 21. október 1987 var tekin upp sú nýbreytni í safninu að halda sögustund fyrir börn á aldrinum 3-6 ára, einu sinni í



Unnið að skráningu í Gegni árið 2004. Þá þurfti að merkja hverja einustu bók. Ingibjörg Þóroddsdóttir og Auður Sigurðardóttir á bak við bókastaflana.

viku yfir vetrarmánuðina. Sögustundir eru með öðrum hætti í dag, nú er samstarf við leikskóla bæjarins og börnin koma í sögustundir með leikskólanum sínum.

Árið 1990 var tímamótaár í sögu bókasafnsins en þá hófst tölvuvæðing safnsins. Keypt var tölva og hugbúnaður og hafin tölvuskráning á bókum safnsins

og í framhaldi af því gat almenningur leit að í gagnagrunninum á safninu. Árið 1995 var margmiðlunartölva keypt og tengd við Internetið með upphringimótaldi með ADSL fyrir starfsfólk. Árið 1998 var internettengdri tölvu komið upp fyrir safngesti og sama ár var útlánaþáttur norska bókasafnskerfisins Mikromarc tekið í notk-

Forstöðumenn safnsins eftir 1960

Þóra Þórleifsdóttir Mothes,
1960-61 (f. 1938-
Sveinbjörn Oddsson 1961-62
(f. 1885- d. 1965)
Sigrún Guðjónsdóttir, 1962-65
(f. 1928 –d. 2013)
Snæbjörn Jóhannsson, 1965-70
(f. 1914 – d. 2013)

Stefanía Eiríksdóttir, 1970-80
(f. 1918- d. 1987)
Sigríður Árnadóttir og Halldóra Jónsdóttir, 1980-92
Sigríður Árnadóttir, 1992-97
(f. 1929- d. 2012)
Halldóra Jónsdóttir, 1998-
(f. 1955-



Barnadeild opnuð í safninu 1976. Rithöfundarnir Guðrún Helgadóttir og Stefán Júlíusson lásu fyrir gestina.

un. Það var svo árið 2004 sem Gegnir var tekinn í notkun og safnkosturinn leitarbær á netinu. Gögnin voru ekki flutt rafrænt yfir úr Mikromarc í Gegni, heldur myndaðar nýjar færslur fyrir eintök safnsins á grundvelli bókfræðiupplýsinga, sem þegar voru komnar í kerfið. Innleiðingin hófst í mars og kerfið tekið í notkun í nóvember sama ár.

Í lok ársins 1997 hætti Sigríður Árnadóttir störfum og við tók Halldóra Jónsdóttir og starfar enn (2015) sem forstöðumaður bókasafns, héraðskjala- og ljósmyndasafns.

Svöfusalur

12. september 2002 var námsver með fjarfundabúnaði opnað á bókasafninu við hátíðlega athöfn. Mættir voru menntamálaráðherra, Tómas Ingi Olrich, bæjarstjóri og fleiri góðir gestir. Ákveðið var að

nefna námsverið Svöfusal til heiðurs Svöfu Þórleifsdóttur, skólustjóra Barnaskóla Akraness 1919-1944. Bókasafnið tók þar með að sér umsjón fjarnáms í umboði Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Skólaárið 2002-2003 stunduðu 16 nemendur háskólanám í námsverinu og enn í dag eru nemendur í fjarnámi frá Svöfusal. Sama ár var nafni safnsins breytt í Bókasafn Akraness (áður Bæjar- og héraðsbókasafnið á Akranesi). Héraðsskjalasafn var stofnað árið 1993 og hefur ýmist verið sjálfstætt starfandi eða rekið sem hluti af bókasafninu. Ljósmyndasafnið var síðan stofnað 28. desember 2002, sem deild í héraðsskjalasafninu.

Hvalfjarðarsveit eða hreppar sunnan Skarðsheiðar hafa í fjölda ára tekið þátt í rekstri Bókasafnsins á Akranesi og bókasafnsins á Dvalarheimilinu Höfða. Akraneskaupstaður sagði upp samningi um



Frá sýningu í andyri safnsins.

bókasafnsþjónustu við Hvalfjarðarsveit þann 27. desember 2007 og endurnýj-uðu sveitarfélögin ekki samninginn, ólíkt öðrum samningum milli sveitarfélaga-anna. Þar með lauk áratuga samstarfi sveitarfélaganna um rekstur bókasafns.

Söfnin í nýtt hús

Þann 26. júní 2008 var undirritaður samn-ingur um byggingu á nýju bókasafni, ljós-myndasafni og skjalasafni að Dalbraut 1. Húsnæðið að Heiðarbraut var orðið óhentugt og þurfti mikillar viðgerðar við svo bæjarstjórn ákvað að flytja söfnin í verslunarmiðstöðina sem reis á miðbæjar-reitnum. Þetta var bylting í safnamálum á Akranesi.

Bókasafnið flutti í nýju húsakynnin að Dalbraut og hóf þar starfsemi 1. október 2009. Húsnæðið er í fermetrum talið hið sama og á Heiðarbrautinni en nýtist betur

þar sem allt er á einni hæð og öll aðstaða fyrir söfnin eins og best verður á kosið. Elín Gunnlaugsdóttir arkitekt frá Skapa og skerpa sá um litaval innanhúss, gólfefni, ljós ofl. Í geymslu var keyptur hillubúnaður frá Isold, bæði fyrir skjalasafn og bókasafn. Gott aðgengi er að húsinu, þar eru góð bílastæði og húsið í alfaraleið.

Afmælisár safnsins 2014

Starfsfólk ákvað að helga viðburðum ársins 150 ára afmæli safnsins og bjóða upp á sem flesta viðburði, við allra hæfi, allt árið. Í febrúar og mars var sýning og fyrirlestur til að minnst 350 ára afmæli Árna Magn-ússonar og handritasöfnunar hans. Rósa Þorsteinsdóttir sérfræðingur í Árnastofn-un flutti fyrirlestur og Steindór Andersen flutti rímur. Sýnt var í safninu merkt hand-rit sem tilheyrir Vesturlandi, *Staðarhólsbók rímna* (eftirgerð). Í framhaldi af því fékk



Starfsfólk safnsins 2014. F.v.: Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, héraðsskjalavörður, Nanna Þóra Áskelsdóttir, deildarstjóri. Halldóra Jónsdóttir, forstöðumaður og bókaverðirnir Ásta Björnsdóttir, Erla Dís Sigurjónsdóttir og Geirlaug Jóna Rafnsdóttir. Á myndina vantar Helga Steindal, bókavörð.

safnið safnakennara frá Árnastofnun til að vera með safnfræðslu fyrir 6. bekk um handritin. Börnin fengu að skrifa með fjöður og jurtableki á skinn.

Í mars stóðu Ljósmyndasafnið og héraðsskjalasafnið fyrir vinnufundum með bæjarbúum til að nafngreina gamlar myndir. Þetta varð strax mjög vinsælt og voru vikulega fundir yfir vetrarmánuðina sem um 20 manns sóttu að jafnaði. Þess má geta að Ljósmyndasafnið fékk stofn- og rekstrarstyrk frá Menningarráði Vesturlands á árinu.

Sumarlesturinn fyrir börn á aldrinum 6-12 ára var á sínum stað með Húllumhæ-hátíð í ágúst og í lok júní efndi bókasafnið til ritsmiðju fyrir börn á aldrinum 9-12/13 ára. Leiðbeinandi var Gerður Kristný rithöfundur. Fullbókað var í smiðjuna sem hlaut styrk frá Menningarráði Vesturlands. Á írskum dögum

heimsótti Sögubílinn, með sögukonunni Sölu, bókasafnið og á Vökudögum var síðan dagskrá í bókasafninu daglega í heila viku þar sem boðið var upp á tónleika, bókmenntakvöld, sýningar. Sérstök afmælishátíð var fyrir börnin þar sem var mikið fjör. Allir viðburðir voru mjög vel sóttir. Þann 6. nóvember var síðan formleg afmælisdagskrá undir heitinu *Bókasafnið 150 ára*. Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Ingibjörg S. Sverrisdóttir landsbókavörður fluttu ávörp og sögusýning bókasafnsins var opnuð en elsti gripurinn á sýningunni var fundargerðarbókin frá stofnfundi safnsins, árið 1864. Bókasafn Akraness er elsta stofnun Akraneskaupstaðar og hefur starfað nánast óslitið í öll þessi ár.

Bókasafnið fékk góðar gjafir á afmælinu og má þar fyrst telja gjöf frá Kiwanismönnum á Akranesi, upplýsingaskjá (snjallsjónvarp), sem kemur í góðar þarfir við miðlun




Rítsmiðja sem rithöfundurinn Gerður Kristný stýrði.

og kynningu á bókmenntum og því sem er á döfinni hverju sinni. Akraneskaupstaður færði safninu ræðupúlt og landsbókavörður kom færandi hendi með Passíusálma Hallgríms Péturssonar, ljósprentað eiginhandrit Hallgríms Péturssonar frá 1659.

Í lok ársins kom í ljós að töluverður samdráttur er á útlánuðu safnefni, eins og reyndar er að gerast á landsvísu því vitað er að bóklestur dregst saman. Samdrátturinn er um 10% milli ára 2013 og 2014. En gestakomum fjölgar verulega og þeim fjölgar sem koma í safnið án þess að fá lánuð rit því bókasafn er gríðastaður í amstri dagsins þar sem hægt er að njóta, læra og styrkja andann.

*Á Akranesi, í apríl 2015.
Halldóra Jónsdóttir.*



David Þór Jónsson í hljómsveitinni ADHD.



Ingbór Bergmann Þórhallsson, formaður menninganefndar, Halldóra Jónsdóttir, forstöðumaður safnsins, Regína Ásvaldsdóttir, bæjarstjóri, Ingibjörg Sverrisdóttir, landsbókavörður og Anna Leif Elidóttir, verkefnastjóri menningarmála.



Barnakórinn í heimsókn, stjórnandi Valgerður Jónsdóttir.



ADHD hljómsveitin í bókasafninu með tónleika.



Rithöfundakvöld, Kristín Steinsdóttir, Ari Jóhannesson og Þorgrímur Þráinsson.

Heimildir:

Skjalasafn Bæjar- og héraðsbókasafnsins O.17.

Skjalasafn Bæjarráðs A 02.

Skrá og lög Lestrarfélagsins 1864 [1864-1875].

Gjörðabók Lestrarfélagsins í Akraneshreppi. Fundarhöld: 1876-1884.

Kassabók [1909/10 – 1919/20 Kassabók og félaga-
tal].

Fundabók bókasafnsins í Ytri-Akraneshrepp [1901-
1907; 1915].

Fundagjörðir bókasafnsnefndar Akraneskaupstaðar
1956-1980.

Akraneskirrkja 1896-1996 / Gunnlaugur Haraldsson,
útg. 1996.

Fundargerðir bæjarráðs 1947- til ársloka 1956. Ath
fundargerðir bæjarsjórnar eru ekki til frá þessum árum.

Fundargerðir bókasafnsnefndar vantar þetta tímabil.

Ársskýrslur bókasafnsins 1983-2013 og eldri skýrslur.

Bókasafnið [handrit] eftir Jóhannes Gunnarsson. 2 s.
[frá árinu 1939].

Án titils [kveðjuræða] eftir Sveinbjörn Oddsson, 6 s.,
Akranesi, 26. júlí 1960.